



Þjóðaráttak í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis

Miðstjórn Samiðnar lýsir yfir miklum áhyggjum vegna viðvarandi skorts á íbúðarhúsnæði sem birtist m.a. í hækkandi íbúðarverði og hárrí húsaleigu. Til að mæta þörfum markaðarins þyrfti að byggja 3000 til 4000 íbúðir umfram það sem framleitt er til að mæta árlegri þörf. Verði ekki brugðist við með skipulögðum hætti mun húsnæðis- og leiguverð halda áfram að hækka og verða almenningi óbærilegt.

Samiðn kallar eftir þjóðaráttaki í húsnæðismálum þar sem ríkið, sveitarfélög og vinnumarkaðurinn taki saman höndum og tryggi að hér verði fundnar lausnir sem tryggi í senn nægt framboð af hentugu húsnæði og húsnæðiskostnaður almennings verði innan eðlilegra marka.

Ef ekki kemur til sérstaks átaks í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á þeim svæðum sem þörfin er mest, má gera ráð fyrir að almenningur búi við hátt íbúðar- og leiguverð um ókomna framtíð.

Miðað við framleiðslugetu markaðarins er ekki fyrir sjáanlegt að honum takist einum og sér að framleiða íbúðarhúsnæði umfram það sem nemur árlegri eftirspurn nema á löngum tíma.

Að öllu óbreyttu mun ekki komast jafnvægi á íbúðarmarkaðinn sem mun koma illa við mikinn fjölda fjölskyldna.